



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 27.10.2003

Viðbótarlífeyrissparnaður. Breyting á lögum um tryggingagjald, 89. mál.

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald. Í frumvarpinu er lagt til að heimild atvinnurekanda til lækkunar á tryggingagjaldi vegna viðbótarlífeyrissparnaðar starfsmanns, svokölluð tíund, verði felld brott. Nái breyting þessi fram að ganga mun mótframlag atvinnurekanda vegna viðbótarlífeyrissparnaðar starfsmanna lækka sem tíundinni nemur.

Heimild til lækkunar á tryggingagjaldi, sem samþykkt var með lögum nr. 148/1998, var liður í þeirri viðleitni ríkisins að auka frjálsan sparnað í þjóðfélaginu. Áður hafði Alþingi samþykkt breytingar á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 141/1997, sem heimilaði launamanni að halda utan staðgreiðslu allt að 6% af launum sínum vegna lífeyrissparnaðar.

Þessar lagabreytingar höfðu þó ekki í för með sér þá breytingu sem að var stefnt og var talið að einungis 15% launamanna á almennum vinnumarkaði hefðu í upphafi árs 2000 hafið viðbótarlífeyrissparnað umfram lögbundin 4%. Í kjarasamningum árið 2000 var hins vegar tekið upp það nýmæli að vinnuveitendur skyldu greiða mótframlag gegn viðbótarframlögum launamanna til lífeyrissparnaðar. Frá miðju ári 2000 og til ársloka 2001 námu mótframlögin 1% gegn 2% sparnaði launamanns en á árinu 2002 hækkaði mótframlagið í 2%. Á síðari hluta ársins 2000 voru einnig samþykkt á Alþingi breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og lögum um tryggingagjald sem heimiluðu allt að 8% skattfrjálst framlag starfsmanns til lífeyrissparnaðar og hámark svokallaðrar tíundar var hækkað úr 0,2% í 0,4%.

Í kjölfar nýrra kjarasamninga stórkjóst þátttaka í séreignarsparnaði. Samkvæmt upplýsingum embættis Ríkisskattstjóra (Tíund, ágúst 2003) tóku 30.000 einstaklingar þátt í séreignarlífeyrissparnaði í árslok 1999 og spöruðu 1,3 milljarða króna það ár.



Ári síðar var fjöldinn kominn upp í 45.000 einstaklingar og spöruðu þeir 2,4 milljarða króna á árinu. Í árslok 2001 var fjöldinn kominn í 60 þúsund og var sparnaðurinn 4,3 milljarðar það ár. Um síðustu áramót voru þátttakendur í séreignarsparnaði orðnir rúmlega 70 þúsund og lögðu þeir 6 milljarða króna til hliðar á árinu. Frá árslokum 1999 til síðustu áramóta meira en tvöfaldaðist þátttakan í séreignarsparnaðinum og það sem lagt var til hliðar fimmfaldaðist. Án efa hefur framlag atvinnurekanda á grundvelli laga um tryggingagjald haft upphaflega nokkur áhrif á þessa þróun en þó verður að telja að ákvæði kjarasamninga um allt að 2% mótframlag atvinnurekanda gegn a.m.k. 2% sparnaði launamanns hafi ráðið mestu um hina miklu þátttöku.

Því má vera ljóst að framlag skv. lögum um tryggingagjald hefur ekki verið meginforsenda fyrir ákvörðun launamanna um viðbótarlífeyrissparnaði. Þar ráða kjarasamningar mestu. Eftir að mótframlag atvinnurekanda hækkaði í 2% 1. janúar 2002 minnkaði vægi tíundarinnar umtalsvert. Í dag felst ekki í henni sá hvati til viðbótarlífeyrissparnaðar að ákvörðun launamanns standi og falli með tilvist hennar.

Framangreindar lagabreytingar voru ekki gerðar í kjölfar vilýrða ríkisstjórnar í tengslum við gerð kjarasamninga. Samtök atvinnulífsins telja sig því ekki hafa sérstakar forsendur til að andmæla fyrirhuguðum breytingum. Þótt það sé íhugunarefni á tímum þegar aðhalds er þörf hvort það sé skynsamlegt að draga úr hvatningu til sparnaðar þá vega þau sjónarmið þungt að nýta skattfé með árangursríkari hætti en þeim sem tíundin stuðlar að.

Frumvarpið, verði það að lögum, hefur ekki í för með sér beinan kostnaðarauka fyrir atvinnulífið. Tryggingagjaldið mun renna óskipt í ríkissjóð í stað þess að hluti þess komi til viðbótar séreignarlífeyrissparnaði launamanna. Ekki er hægt að fullyrða á þessari stundu hvort breyting þessi hafi áhrif á komandi kjaraviðræður.

Samtök atvinnulífsins setja sig ekki upp á móti samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Ragnar Arnason, hdl
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs